

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fyrir tengingu fráveitu og heimæðargjald vatnsveitu Blönduósbæjar.

1. gr.

Blönduósbær innheimtir stofngjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ nr. 228/2007 og heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2007.

2. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir hverja heimtaug í sérbylishúsalóð er 275.000 kr. Fyrir aðrar lóðir greiðast 330.000 kr. miðað við stærð heimtaugar allt að 150 mm. Gjald fyrir stærri heimtaugar er reiknað út hjá tæknideild Blönduósbæjar.

Um rotþrær fer samkvæmt ákvæðum II. kafla í samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ nr. 228/2007.

3. gr.

Heimæðar vatnsveitu.

Gjöld fyrir heimæðar vatnsveitu miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitu Blönduósbæjar.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðargjald kr.:	145.000	175.000	225.000	275.000	350.000

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm er reiknað út hjá tæknideild Blönduósbæjar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

4. gr.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag janúarmánuðar hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitalan er 141,6 stig í desember 2018. Gjöld vatns- og fráveitu bera ekki virðisaukaskatt.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna, og með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ og samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga

Nr. 1341

20. desember 2018

nr. 32/2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár fyrir stofngjöld, tengigjöld og heimæðargjöld í Blönduósbæ. Gjaldskráin var staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Blönduósi, 20. desember 2018.

Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2019